




Brandur Jónsson

Fæddur 13. október 1938

Dáinn 17. júní 2022



*Útför frá Akraneskirkerju
mánudaginn 27. júní 2022*



Forspil

Air

JS Bach

Bæn

Ó hve gott á lítil lind, leika frjáls um hlið og dal, líða áfram létt sem hind, líta alltaf nýja mynd.	Hvísla ljóð‘ að grænni grein, glettast ögn við lítil blóm, lauma koss‘ á kaldan stein, kastast áfram tær og hrein.
---	---

Ég vildi að ég væri eins og þú
og vakað gæti bæði daga og nætur,
þá skyldi öllu kveða óð um unað, ást og trú
sem aldrei bregst en hugga lætur.
Já, ef ég mætti lifa eins og lindin silfurtær
sem lög á sína undrastrengi slær.

Hvísla ljóð‘ að grænni grein,
glettast ögn við lítil blóm,
lauma koss‘ á kaldan stein,
kastast áfram tær og hrein.


Ég vildi að ég væri eins og þú
og vakað gæti bæði daga og nætur,
þá skyldi öllu kveða óð um unað, ást og trú
sem aldrei bregst en hugga lætur.
Já, ef ég mætti lifa eins og lindin silfurtær
sem lög á sína undrastrengi slær.
Já, ef ég mætti lifa eins og lindin silfurtær
sem lög á sína undrastrengi slær.

Franco Cassano/Corrado Donti-Bjarki Árnason

Ritningarorð

Yndislega ættarjörð, ástarkveðju heyr þú mína, þakkarklökkva kveðjugjörð, kveð ég líf þitt, móðir jörð. Móðir bæði mild og hörð, mig þú tak í arma þína. Yndislega ættarjörð, ástarkveðju heyr þú mína.	Faðir lífsins, faðir minn, fel ég þér minn anda‘ í hendur. foldin geymi fjötur sinn. Faðir lífsins, Drottinn minn, hjálpi mér í himin þinn heilagur máttur, veikum sendur. Faðir lífsins, faðir minn, fel ég þér minn anda‘ í hendur.
--	--

Sb. 1945 - Sigurður Jónsson





Ritningarorð

Einsöngur

Rósin

Fríðrik Jónsson – Guðmundur Halldórsson

Guðspjall

Einsöngur

Ég fann þig

Erlent lag – Jón síguðrsson

Minningarorð

Einsöngur

Fylgd

Sigurður Rúnar Jónsson - Guðmundur Böðvarsson

Bæn/Faðir vor

Ísland er land þitt, og ávallt þú geymir
Ísland í huga þér, hvar sem þú ferð.
Ísland er landið sem ungan þig dreymir,
Ísland í vonanna birtu þú sérð,
Ísland í sumarsins algræna skróði,
Ísland með blikandi norðljósa traf.
Ísland að feðranna afrekum hlúði,
Ísland er foldin, sem lífið þér gaf.

Íslensk er þjóðin sem arfinn þinn geymir
Íslensk er tunga þín skír eins og gull.
Íslensk er sú lind, sem um æðar þér streymir.
Íslensk er vonin, af bjartsýni full.
Íslensk er vornóttin, albjört sem dagur,
Íslensk er lundin með karlmennskuþor.
Íslensk er vísan, hinn íslenski bragur.
Íslensk er trúin á frelsisins vor.

Ísland er land þitt, því aldrei skal gleyma
Íslandi helgar þú krafta og starf
Íslenska þjóð, þér er ætlað að geyma
íslenska tungu, hinn dýrasta arf.
Ísland sé blessað um aldanna raðir,
íslenska moldin, er lífið þér gaf.
Ísland sé falið þér, eilífi faðir.
Ísland sé frjálst, meðan sól gyllir haf.

Magnús Þór Sigmundsson / Margrét Jónsdóttir



Moldun

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð, leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.
Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.

Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.
Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

Erl lag – Pétur Þórarinsson

Blessun

Eftirspil

Ég er komin heim

Emmerich Kálmán

Prestur: Þráinn Haraldsson

Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

Söngur: Tindatríó

Fiðluleikur: Matthías Stefánsson

Útfararþjónusta Akraneskirku

***Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum
að þiggja veitingar í Safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni.***